



Markaðsstofa  
Suðurlands

# Handbók sveitarfélaga um uppbyggingu ferðamannastaða



# Efnisyfirlit

1. Inngangur .....	3
2. Hvert er hlutverk sveitarfélagsins? .....	5
3. Forsjálni .....	8
4. Viðbragð .....	11
5. Samstarf .....	13
6. Aðgengi, samgöngur og bílastæði .....	19
7. Fjármögnun og rekstur .....	24
8. Menningartengdir staðir .....	30
9. Innviðir fyrir íbúa .....	34
10. Ítarefni, tenglar og viðaukar .....	36

# Inngangur

Markaðsstofa Suðurlands og Faghópur sveitarfélaga á Suðurlandi um ferðamál hefur ítrekað velt upp spurningunni hvert hlutverk sveitarfélaga er í uppbyggingu ferðamannastaða.

Sveitarfélög koma oft að þróun, leyfisveitingum og framkvæmdum við ferðamannastaði en stundum leikur vafi á atriðum varðandi ábyrgð, rekstur og framtíðarsýn um staðina. Þá hefur þótt vanta forsendur og verkferla við ákvarðanatöku.

Í samráði við Ferðamálastofu hófst Markaðsstofa Suðurlands því handa við að gera þessa **handbók sem á að auðvelda sveitarfélögum í stefnumótun, ákvörðunum og aðgerðum við uppbyggingu ferðamannastaða.**

Vert er að taka fram að ýmis góð rit hafa verið gefin út um ólíka þætti sem lúta að uppbyggingu ferðamannastaða. Í 10.kafla má finna tengla á helstu gögn sem nýtast á ólíkum stigum verkefna.

Í þessari handbók er leitast við að aðstoða sveitarfélög í að meta hvert hlutverk þeirra er í uppbyggingu áfangastaða, hver hagur þeirra er af ferðamannastöðum og til hvaða þátta þarf að líta í allri ákvarðanatöku. Hún byggir á samtölum við sveitarfélög og stofnanir um allt land þar sem skoðaðar voru helstu orsakir vandamála og hvaða aðgerðir leiddu til jákvæðrar reynslu. Á milli kafla má finna dæmisögur af stöðum þar sem uppbygging þykir hafa gengið vel.

Handbókin er eingöngu gefin út á stafrænu formi. Hún verður endurskoðuð og uppfærð þegar reynsla er komin á hana og ábendingar má senda til Markaðsstofu Suðurlands.

# Hvert er hlutverk sveitarfélagsins?



## Ferðamannastaðir efla byggðir

Náttúra og náttúrutengd afþreying er algengasti hvati ferðamanna til að heimsækja Ísland. Ferðaþjónusta á Íslandi byggir stoðir sínar á góðum ferðamannastöðum en til þess að geta notið þeirra versla ferðamenn fjölbreyttar vörur og þjónustu á borð við gistingu, veitingar verslun og afþreyingu. Öflugum ferðamannastöðum getur því fylgt atvinnuuppbygging, íbúafjölgun og auknar tekjur til sveitarfélaga. Að byggja upp góða ferðamannastaði þarf því ekki að vera kvöð heldur sóknarfæri fyrir sveitarfélagið.

## Hlutverk sveitarfélagsins

Sveitarfélög hafa í mörgum tilfellum komið að uppbyggingu á ferðamannastöðum án þess að til sé langtíma áætlun um viðhald og umsjón með staðnum. Þá hafa framkvæmdir jafnvel verið gerðar í einkalandi án skriflegs samnings við landeigendur um aðgengi eða ábyrgð á viðhaldi. Án slíks samnings getur skapast togstreita um ábyrgð á rekstri og viðhaldi staðarins. Einnig eru dæmi um að landeigendur setji upp gjaldskyldu eða loki á aðgengi ferðamanna þrátt fyrir að sveitarfélag og ríki hafi fjármagnað uppbygginguna.

**En hvenær á sveitarfélagið að taka þátt í uppbyggingu ferðamannastaða?**

### Spyrjið ykkur:

- Hvaða ávinningur hlýst af verkefninu, og fyrir hverja?
- Hver á að bera ábyrgð á rekstri og viðhaldi til langtíma?
- Hvernig á að fjármagna rekstur og viðhald til langtíma?
- Hvaða umhverfis-, samfélags- og efnahagslegu hagsmuna ber að gæta?
- Hvað gerist ef ekkert er aðhafst?

Að þessum spurningum svöruðum þarf að taka ákvörðun: **Ætlar sveitarfélagið að gera eitthvað hér?**

→ **Ef svarið er NEI**

Verið opin fyrir þeirri niðurstöðu að hugsanlega sé það ekki hlutverk sveitarfélagsins að koma að uppbyggingu á tilteknum ferðamannastað. Þá er hins vegar mikilvægt að rökstyðja ákvörðunina, **veita landeigendum og hlutaðeigandi aðilum ráðgjöf** og styðja þá í lausnaleit.

→ **Ef svarið er JÁ**

Ef sveitarfélagið kemst að þeirri niðurstöðu að það vilji taka þátt í uppbyggingu ferðamannastaðar er næsta skref að **gera skriflegt samkomulag við hlutaðeigandi aðila**. Fjölmörg dæmi eru um að breyttar forsendur, landeigendaskipti eða miklar mannabreytingar hjá sveitarfélaginu valdi vafamálum eða deilum sem erfitt er að leysa. Aftur á móti hefur gefið góða raun að gera skriflegt samkomulag þar sem framtíðarsýn, ábyrgðarskipting og helstu verkþættir eru dregnir fram. Þannig fæst skýr mynd á þróun staðarins, aðgengi, uppbyggingu, rekstur og viðhald.

→ Í 5. kafla er fjallað um hvernig sveitarfélagið getur stuðlað að samstarfi helstu hagsmunaaðila hvort sem sveitarfélagið telur sig gegna hlutverki í uppbyggingu ferðamannastaðar eða ekki.

# Forsjálni





Sveitarfélagið kemur reglulega að ákvarðanatöku varðandi ferðapjónustu. Sum sveitarfélög hafa farið þá leið að innleiða málefni ferðapjónustunnar í **aðalskipulag**, önnur hafa markað sér **ferðamálustefnu** og flest hafa tekið þátt í að móta **áfangastaðaáætlanir** landshlutanna. Slíkar stefnur skapa ramma sem auðvelda sveitarfélaginu að taka rökstuddar ákvarðanir frá degi til dags, og dregur úr líkum á mistökum eða ósætti.

### **Hvað eru áfangastaðaáætlanir landshlutanna?**

Áfangastaðaáætlun er sameiginleg stefnuyfirlýsing sem hefur það að markmiði að stýra uppbyggingu og þróun landshluta yfir ákveðinn tíma. Áfangastaðaáætlun tekur á skipulagi, þróun og markaðssetningu landshlutans í heild. Markaðs- og

áfangastaðastofur landshlutanna annast útgáfu og vinnslu þessara áætlana í samráði við ríki, sveitarfélög og atvinnugreinina sjálfa.

### **Hvað eru ferðamálustefnur sveitarfélaga?**

Sum sveitarfélög hafa markað sér ferðamálustefnu í samvinnu við hagsmunaaðila ferðapjónustunnar á sínu svæði. Þessar stefnur eru staðbundnar en áfangastaðaáætlanir landshlutanna. Ferðamálustefna getur gagnast sveitarfélaginu vel við svæðisbundnar ákvarðanir og áætlanagerð.

### **Hvaða erindi á ferðapjónusta í aðalskipulag?**

Sífelld fleiri sveitarfélög innleiða málefni ferðapjónustunnar í aðalskipulag sitt. Víða dugar ekki lengur að miða innviði við íbúafjölda heldur er mikilvægt að hugsa fyrir þeim fjölda gesta sem eru í sveitarfélaginu á hverri stundu. Ákvarðanir um deiliskipulag, framkvæmdaleyfi og uppbyggingu ferðamannastaða verða markvissari þegar aðalskipulag tekur mið af ferðapjónustu.

Með skýra framtíðarsýn getur sveitarfélag farið úr því að vera í stöðugu viðbragði yfir í að skapa sterkan grunn fyrir blómstrandi ferðapjónustu.

## Kortlagning hugsanlegra ferðamannastaða

Það getur verið góð forvörn fyrir sveitarfélagið að kortleggja alla hugsanlega ferðamannastaði sveitarfélagsins fyrir fram þótt aldrei verði fullvíst hvaða staðir hljóti skyndilegar vinsældir. Þetta má til dæmis gera samhliða aðalskipulagsvinnu eða mótun ferðamálastefnu.

### Með því að kortleggja ferðamannastaði má:

- Flokka staði eftir því hversu hentugir þeir eru til ferðapjónustu
- Vinna undirbúnings- og hönnunarvinnu snemma
- Gera fjárhagsáætlanir langt fram í tímann
- Skila góðum umsóknum í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða
- Fara eftir verkferlum þegar staður hlýtur óvæntar vinsældir
- Gera langtíma athuganir á náttúru og nýtingu staða
- Fyrirbyggja hagsmunaárekstra
- Greina vannýtt tækifæri

Þá er hægt að flokka staði eftir því hversu hentugir þeir eru til ferðapjónustu og skapa verkferla um hvernig sveitarfélagið ætlar að bregðast við, öðlist staður skyndilegar vinsældir.

→ Í viðauka má sjá dæmi um hvernig Markaðsstofa Vesturlands greinir ferðamannastaði síns landshluta til stefnumótunar og forgangsröðunar.

# Viðbragð



Vegna örs vaxtar ferðapjónustunnar hefur hún oft lent í viðbragðsstöðu í stað þess að geta búið í haginn fyrir komandi ár. Margar af okkar stærstu náttúruperlum voru því ekki í stakk búnar til að taka á móti ferðamönnum þegar þær hlutu skyndilegar vinsældir. Múlagljúfur, Fjaðrárgljúfur, Kirkjufell, Stuðlagil og Brimketill eru dæmi um ferðamannastaði sem urðu skyndilega heimspektir í gegnum ljósmyndir, samfélagsmiðla eða fræga einstaklinga.

Við slíkar aðstæður skapast tækifæri en líka áskoranir ef uppbygging fer ekki samhliða fjölgun heimsókna. Ef ekki er til áætlun um viðbragð sveitarfélagsins þarf að skoða hvert tilvik vandlega og meta hvert hlutverk sveitarfélagsins er.

**Hverri ákvörðun fylgir ábyrgð og afleiðingar og því skal forðast að grípa til skyndilausna.**

### **Lesið lengra:**

- Í 5. Kafla er fjallað um hvaða aðila er æskilegt að draga að borði við þróun ferðamannastaða
- Í 6. kafla er fjallað um tengsl samgangna og aðgengis við þróun ferðamannastaða
- Í 7. kafla er fjallað um fjármögnun og rekstur ferðamannastaða

# Samstarf



Þegar við skoðum ferðamannastaði þar sem uppbygging hefur gengið vel hefur hún í flestum tilvikum verið gerð í góðu samstarfi.

**Aðkoma landeigenda, sveitarfélags, ferðaþjónustu og sérfræðinga getur skipt sköpum, jafnvel við smærri verkefni.** Þegar vandamál eða ný tækifæri skapast, er gott að spyrja sig:

- Hver eiga hagsmuna að gæta?
- Hver gætu komið með góð ráð?

Með því að húa saman þessum aðilum má finna góðar lausnir í takt við umhverfi, samfélag og atvinnulíf í sveitarfélaginu.

## Hvaða aðilar koma að þróun ferðamannastaða?

- Sveitarfélagið
- Landeigendur
- Ferðaþjónustan
- Markaðs- og áfangastaðastofur landshlutanna
- Stofnanir

## Sveitarfélagið

Sum sveitarfélög bera ábyrgð á flestum ferðamannastöðum á sínu svæði á meðan önnur eiga lítið land utan þéttbýlis og þjóðlenda. Aðkoma sveitarfélaga að uppbyggingu ferðamannastaða er því mjög misjöfn. Öll sveitarfélög hafa þó það hlutverk að gera skipulagsáætlanir, gefa út framkvæmdaleyfi og stuðla að sátt milli íbúa og atvinnugreina. **Stýring ferðamannastaða kemur sveitarfélögum við og mikilvægt er að þau geti opnað á samtal helstu hagsmunaaðila** þegar tækifæri eða áskoranir skapast.

## Landeigendur

Landeigendur geta borið hag af heimsóknum ferðamanna og flestir vilja að sómi sé af ferðamannastöðum í þeirra umsjá. Hagsmunir landeigenda og ferðamanna geta þó stangast á og valdið óánægju á báða bóga. Erfitt getur reynst að koma í veg fyrir gestakomur á staði sem þegar hafa hlotið athygli og því mikilvægt að reyna að leita lausna. Algengt er að margir aðilar eigi sama landið og sjónarmið þeirra gagnvart ferðamönnum ólík. Afleiðingarnar geta verið erfiðleikar í samskiptum, flókin ákvarðanatöku, langar boðleiðir og hagsmunaárekstrar. Mikilvægt er að ná til allra landeigenda og

koma á sátt áður en lagt er af stað með verkefni. **Landeigendur eru oft fróðastir um staðhætti, sögu, veðurfar og hættur á staðnum svo ekki má vanmeta rödd þeirra.** Ef sátt er ekki í sjónmáli má kynna fyrir landeigendum hvaða leiðir hafa verið farnar á sambærilegum stöðum og hvetja til lausnaleitar. Hlutlaus utanaðkomandi ráðgjöf hefur reynst vel í slíkum tilvikum.

## Ferðapjónustan

Ferðapjónusta hefur beinan og óbeinan hag af ferðamannastöðum. Þeir eru seglarnir sem laða gesti til landsins og í kring um þá skapast eftirspurn eftir þjónustu. Við þróun ferðamannastaða þarf að hugsa til helstu notenda staðarins og hafa þá með í ráðum ef unnt er. **Athugið í hvaða tilgangi fyrirtæki og einstaklingar nota viðkomandi stað reglulega.** Þessir aðilar eru oft reynslumiklir og athugulir þegar kemur að hegðun og umferð ferðamanna um staðinn, vita hvar helstu hættur leynast og hafa hugmyndir um hvaða umbóta er þörf. Fyrirtæki í ferðapjónustu geta einnig séð tækifæri í vörubrúun og nýju þjónustuframboði í tengslum við uppbygginguna sem leiða til frekari verðmætasköpunar.

## Hönnuðir og aðrir sérfræðingar

Fáið hjálp hönnuða og annarra sérfræðinga strax í undirbúningsferlinu. **Fólk sem hefur aflað þekkingar og reynslu í stýringu ferðamannastaða kemur oft með ferska sýn á viðfangsefnið og horfir á staðinn út frá víðu samhengi.** Aðkoma sérfræðinga getur virst kostnaðarsöm í fyrstu en mun að líkindum spara mikla vinnu, koma í veg fyrir mistök og auka afkastagetu staðarins þegar til lengri tíma er litið.

## Markaðs- og áfangastaðastofur landshlutanna

Markaðs- og áfangastaðastofur landshlutanna eru samvinnuvettvangur ríkis, sveitarfélaga og fyrirtækja í ferðapjónustu. Þær marka stefnu fyrir ferðapjónustu innan hvers landshluta í gegnum Áfangastaðaáætlanir ásamt því að sinna fjölbættu kynningarstarfi og ráðgjöf. Áhersla er lögð á sjálfbæra þróun

ferðapjónustu í takt við vilja heimamanna. **Markaðs- og áfangastaðastofurnar geta hjálpað til við að koma á samtali milli ólíkra hagsmunaaðila varðandi þróun ferðamannastaða.** Sveitarfélög, landeigendur og fyrirtækja eiga að hafa greiðan aðgang að samtali við markaðsstofu síns landshluta.

## Stofnanir

Margir ferðamannastaðir á Íslandi heyra undir þjóðgarða eða eru í umsjá Umhverfisstofnunar. Sumir staðir eru á sviði Minjastofnunar og þá eru enn aðrir innan jarðvanga, fólkvanga eða annarra svæðiseininga. **Aðkoma stofnana getur verið allt frá ráðgefandi hlutverki upp í að bera ábyrgð á stefnumótun og rekstri staðarins.** Þegar lagt er af stað með þróun ferðamannastaðar er mikilvægt að athuga hvaða einingar hafa eitthvað með staðinn að segja, og fá viðkomandi aðila að borði.



## Dæmisaga:

# Bjarnarfoss

## – Árangur af góðu samstarfi



Bjarnarfoss í Staðarsveit er fallegur foss sem blasir við Þjóðvegi 54 á Snæfellsnesi. Bjarnarfoss og Bjarnarfossgil liggja á landamerkjum þar sem ríkisjörðin Búðir sem er fyrir vestan ána ásamt nýbýlinu Hraunhöfn fyrir neðan veg en jarðirnar Bjarnarfosskot og Bjarnarfoss eiga landið fyrir austan ána. Rétt austan við Bjarnarfoss stendur íbúðarhús með sama nafni. Afleggjari liggur heim að húsinu frá Þjóðveginum og sá vegur er merktur með bæjarskiltinu Bjarnarfoss.

### Áskorun fyrir ábúendur

Á haustmánuðum 2012 leituðu ábúendur í Bjarnarfossi og Hraunhöfn eftir aðstoð hjá stoðþjónustu Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV). Áskorunin sem íbúarnir stóðu frammi fyrir var að Bjarnarfoss var að verða vinsælt stopp hjá ferðafólki þrátt fyrir að þar væri ekki opinber áningarstaður, aðgengi eða innviðir til að taka á móti þeim

fjölda ferðafólks sem lagði leið sína þangað. Oft hafði það komið fyrir að íbúar komust hvorki heim eða að heiman því það var allt fullt af bílum umhverfis húsið þeirra. Ábúendur höfðu ekkert á móti því að fólk kæmi að skoða fossinn en þau höfðu ekki áhuga á að sinna ferðaþjónustu og vildu hafa næði heima hjá sér. Viðfangsefnið var því að byggja upp innviði sem drægju úr ónæði, verðu náttúruna og gæfu gestum góða upplifun.

### Allt hefst á samtali

Ráðgjafi í stoðþjónustu SSV hélt utan um verkefnið og lagði áherslu á samráð allra hagaðila á svæðinu til að skapa lausn sem allir væru sáttir við. Byrjað var á að setjast með heimafólki yfir mögulega útfærslu á aðgengi að fossinum. Niðurstaðan var að ef hægt væri að búa til bílastæði og aðgengi vestan við Bjarnarfossgilið þá ætti það ekki að trufla íbúa á staðnum meira en gæti verið ásættanlegt.

Þá var næst á dagskrá að tala við landeigendur þar til að fá leyfi fyrir innviðauppbýggingu og að fjármagna þá framkvæmd. Það er ríkisjörð og Eignaumsýsla ríkisins veitti leyfi til að vinna að hönnunarvinnu til að bæta aðgengi um Búðaland að Bjarnarfossi.

### Ábyrgðaraðili fundinn

Til að fjármagna þetta verkefni var eini kosturinn að sækja um styrk í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða (FF). En þar sem styrkurinn getur aldrei verið meiri en sem nemur 80% af kostnaði þá þurfti að finna leið til að fjármagna 20% þar á móti. Auk þess þurfti að finna lausn á því hver gæti verið formlegur ábyrgðaraðili fyrir framgang þessa verkefnis. Hér var um almennt ríkisland að ræða en eignaumsýslan heldur aðeins utan um skráningu eigna, ekki rekstur þeirra. Stoðþjónusta SSV getur aðeins veitt ráðgjöf og stuðning en kemur aldrei að

verklegum framkvæmdum. Því var leitað til sveitarfélagsins Snæfellsbæjar sem samþykkti að gangast í ábyrgð á verkefninu

### Hönnun og framkvæmd

Árið 2013 fékkst styrkur frá FF til að þróa áningarstað við Bjarnarfoss. Landslag ehf. hönnuðu og teiknuðu upp skipulagstillögu, tæknideild SNB og stoðþjónusta SSV sáu um að kynna hönnunartillöguna og fá öll tilskilin samþykki og leyfi, auk þess að gera kostnaðar- og verkáætlun. Ráðgjafi stoðþjónustu SSV sá áfram um utanumhald og samskipti við Framkvæmdasjóð.

Árið 2015 fékkst styrkur til að byggja upp áningarstað og innviði; bílastæði, göngustíg og göngubrú við Bjarnarfoss. Gerður var samningur við heimamenn um framkvæmd verkefnisins sem gaf mjög góða raun þar sem allt var unnið af mikilli alúð og

vandvirkni. Mikið var lagt upp úr því að fella framkvæmdina vel að landinu, nota efnivið úr nágrenninu og skapa aðgengi og góða upplifun fyrir alla. Framkvæmdin tókst einstaklega vel.

### Umhverfisverðlaun

Árið 2018 fékk þetta verkefni Umhverfisverðlaun Ferðamálastofu sem gott dæmi um hvernig heimafólk og sveitarfélag, með liðsinni Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða, hafa unnið faglega að uppbyggingu áningarstaðar þar sem allir geta notið fallegrar náttúru.

# Aðgengi, samgöngur og bílastæði

## Aðgengi

Það er auðveldara en margir halda að hugsa aðgengismál þannig að öll geti notið ferðamannastaðarins á einn eða annan hátt. Um leið getur lítill hönnunargalli eða vanhugsuð framkvæmd hindrað aðgang einhverra að óþörfu. **Skoða ætti aðgengismál snemma í undirbúningsferlinu með aðkomu sérfræðinga.**

Aðgengi er jafnréttismál og jafnframt dýrmætt tækifæri fyrir ferðþjónustu enda býr stór hluti ferðamanna við einhvers konar fötlun. Góð hönnun gerir staði einnig aðgengilegri fyrir börn og aldrað fólk og bætir öryggi allra gesta.

### Ítarefni um gott aðgengi:

- Leiðbeiningar um gott aðgengi í ferðþjónustu
- Verkefni Ferðamálastofu um gott aðgengi í ferðþjónustu

## Samgöngur

Framfarir í samgöngum hafa iðulega áhrif á flæði ferðamanna um aðliggjandi ferðamannastaði. Þar sem breytingar í samgöngumálum eiga sér iðulega langan aðdraganda er tilvalið gera áætlanir um uppbyggingu ferðamannastaða samtímis. Þá er mikilvægt að hafa ekki eingöngu núverandi ferðamannastaði til athugunar heldur einnig nýja staði sem gætu hlotið vinsældir með bættu aðgengi. Þetta á ekki síður við um breytt mynstur í skipakomum eða flugsamgöngum.

- Í 3. kafla er fjallað um tækifæri fólgin í því að kortleggja alla hugsanlega ferðamannastaði sveitarfélagsins.

## Bílastæði

„Þegar ein kýrin mígur verður annarri mál“

Þar sem einum bíl er lagt verða aðrir forvitnir. En á að gera bílastæði alls staðar? **Reynslan er sú að gestum fjölga iðulega þegar bílastæði eru stækkuð.** Þá þarf að huga að því hvort aukinn fjöldi ferðamanna á viðkomandi stað er æskilegur. Áður en farið er út í bílastæðaframkvæmdir er enn fremur mikilvægt að kanna hvort aðrir innviðir á staðnum beri þann fjölda ferðamanna sem bílastæðið rúmar.

### Spyrjið ykkur:

- Bera núverandi innviðir viðkomandi staðar aukinn fjölda fólks?
- Hvað er langt í næsta salerni?
- Má leggja ferðavögnum yfir nótt?
- Hvað verður um rusl?
- Þarf fólk aðstöðu til að matast?
- Er núverandi staðsetning bílastæðis/útskots æskileg eða má stýra flæði gesta með því að setja bílastæði annars staðar?
- Eru tækifæri til að sameina tvo nærliggjandi áningarstaði í einn öflugri stað?

### Er köttur í bóli bjarnar?

Víða hafa staðir á borð við söfn, hótél og sveitabæi lent í þeirri stöðu að bílastæði þeirra þjónusti óvænt aðliggjandi ferðamannastaði. Það getur valdið núningi ef eigandi bílastæðisins ber kostnað og hlýtur meiri ama en hag af gestakomum. Þegar slík staða kemur upp er lausnaleit í samstarfi helstu hagsmunaaðila nauðsynleg. Sveitarfélagið getur opnað á slíkt samtal og sótt til þess viðeigandi stuðning.

→ Sjá dæmisögu um Bjarnarfoss

Samgöngur, aðgengi og bílastæði eru lykilþáttur í þróun ferðamannastaða og **stundum er lausnina að finna fjarri staðnum þar sem vandinn er núna.** Áður en farið er út í framkvæmdir er því æskilegt að fá sérfræðinga og hagsmunaaðila að borði til að skoða hönnun og framkvæmd út frá víðu samhengi.

**Dæmisaga:**

# Dynjandi

## – Uppbygging samhliða samgöngubótum



Fossinn Dynjandi er ein þekktasta náttúruperla Vestfjarða. Vinsældir hans hafa aukist jafnt og þétt síðastliðin ár samhliða þróun í samgöngumálum. Þar hefur uppbygging innviða gengið vel þrátt fyrir ýmsar áskoranir.

### **Gestum fjölgar með bættum samgöngum**

Með opnun Dýrafjarðarganga í október 2020 jókst umferðaröryggi, og ferðatími styttist á milli Dynjanda og byggðanna norðan Hrafnseyrarheiðar. Heimsóknir skemmtiferðaskipa hafa jafnframt fest sig í sessi á Vestfjörðum og fara skipagestir gjarnan í rútuferðum að skoða fossinn. Árið 2021 komu tæplega 38.000 gestir að fossinum en síðan hefur gestum fjölgað um 25% á ári að meðaltali. Árið 2024 komu því yfir 73.000 gestir að Dynjanda.

### **Fleiri gestir og betri dreifing yfir sumarið**

Dynjandi er gott dæmi um áfangastað sem hefur þróast samhliða samgöngubreytingum. Júlí hefur alltaf verið hápunktur ferðamannastraums á Dynjanda en sú breyting hefur orðið á að þó að toppurinn sé en í júlí er aukningin að dreifast betur á aðra sumarmánuði. Vetrargestum hefur fjölgað um rúm 30% á milli ára og álykta má að þessa aukningu megi rekja til bættra vegasamgangna við norðursvæði Vestfjarða. Vonandi mun nýr vegur um Dynjandisheiði hafa sambærileg áhrif með bættri tengingu suðursvæðis við Dynjanda.

### **Skemmtiferðaskipin skapa álagstíma**

Fyrir utan bágbornar vegasamgöngur og vetrarþjónustu hefur helsta áskorunin verið að dreifa gestum við Dynjanda betur yfir sólarhringinn. Fjöldi rútuþyrtækja bæði frá svæðinu jafnt sem utan svæðis selja ferðir

á Dynjanda í skemmtiferðaskipin en komu tími skipa er venjulega 7-9 á morgnanna og því hefjast allar þessar ferðir á sama tíma. Það gerir að verkum að þær koma flestar að Dynjanda á svipuðum tíma. Þetta myndar ákveðinn álagstíma á hverjum sólahring sem er venjulega milli 10-13.

### **Fyrirtækin vinna saman að því að jafna álagið**

Umhverfisstofnunar lagði til þá hugmynd að búa til heimsóknarpláss við Dynjanda sem myndu dreifa gestum betur yfir sólarhringinn. Hagaðilar tóku ekki vel í það að svo stöddu. Í staðinn var farið á það ráð að með samtali og samvinnu gætu fyrirtæki stillt sig og ferðir sínar betur af til þess að jafna álagið. Það hefur gefist vel, en eftir stendur þó að glugginn fyrir ferðir skemmtiferðaskipa er stuttur og því munu alltaf skapast ákveðnir álagstímar yfir hásumarið.

### **Hvað má læra af þessu?**

Tvennt má læra af þróun Dynjanda sem ferðamannastaðar: Annars vegar að skoða þarf uppbyggingu áfangastaða samhliða þróun samgangna; og hins vegar að með samráði og samtali er hægt að jafna álag á ferðamannastöðum, enda er það í hag allra. Þá hefur Umhverfisstofnun unnið að því að bæta stíga og öryggisinnviði jafnt og þétt til að anna aukinni eftirspurn með góðum árangri.



# Fjármögnun og rekstur



Kostnaður sem fellur til við uppbyggingu innviða við ferðamannastaði getur reynst verðmæt fjárfesting í atvinnuuppbyggingu sveitarfélagsins. Náttúra landsins er aðal ástæðan fyrir því að fólk velur að heimsækja Ísland og þar á eftir fylgir náttúru-tengd afþreying og því næst sú staðreynd að Ísland er öruggt ferðamannaland. Öruggir og aðgengilegir ferðamannastaðir í náttúru Íslands eru því forsenda fyrir farsæld atvinnugreinarinnar.

## Framlög ríkis

Ríkið fjármagnar stóran hluta framkvæmda við ferðamannastaði, ýmist í gegnum Framkvæmdasjóð ferðamannastaða eða Landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum. Sum verkefni eru þó alfarið fjármögnuð af sveitarfélögum eða einkaaðilum.

### Landsáætlun um innviði

Landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum markar stefnu um ferðamannastaði, -svæði og -leiðir um allt land til tólf ára.

**Verkefnistjórn Landsáætlunar forgangsraðar verkefnum í verkefnaáætlanir til þriggja ára í senn. Verkefni á Landsáætlun eru flest í umsjá þjóðgarða, Umhverfisstofnunar, Minjastofnunar eða Skógræktarinnar.** Þó eru stöku staðir á Landsáætlun ekki í eigu opinberra aðila en þá er gerður sérstakur samningur um vernd, uppbyggingu, viðhald og aðgengi ferðamanna um svæðið.

### Framkvæmdasjóður ferðamannastaða

Framkvæmdasjóður ferðamannastaða fjármagnar framkvæmdir á ferðamannastöðum og ferðamannaleiðum í eigu eða umsjón sveitarfélaga og einkaaðila. Styrkt verkefni verða að efla öryggi ferðamanna eða stuðla að náttúruvernd. Sjóðurinn getur styrkt allt frá undirbúnings- og hönnunarvinnu til framkvæmda og viðhalds. **Sveitarfélög og einkaaðilar geta sótt um styrki í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða.** Um samkeppnissjóð er að ræða og rík krafa er á að umsóknir séu vel ígrundaðar og vandaðar. Umsóknarfrestur er að hausti ár hvert og úthlutun fer fram að vori.

## Rekstur ferðamannastaða

Ferðamannastaður er aldrei svo tilbúinn að ekki þurfi að sinna honum. Innviðir veðrast, stígar slitna og flæði ferðamanna um staðinn getur tekið breytingum. Nauðsynlegt er að gera áætlun um það hver ber ábyrgð á staðnum og hvernig skal fjármagna viðhald og rekstur til lengri tíma.

### Óbeinar tekjur

Áður en lagt er af stað í stór verkefni þarf að gera áætlun um uppbyggingu og rekstur til fleiri ára. Við fjárhagsáætlanagerð þarf að kanna hag sveitarfélagsins af því að byggja upp ferðamannastaði í þeim tilgangi að efla atvinnuuppbyggingu. **Til að setja upphæðir í samhengi má skoða áætlaðar atvinnutekjur hvers sveitarfélags af ferðapjónustu á mælaborði Samtaka ferðapjónustunnar, [ferdagogn.saf.is](http://ferdagogn.saf.is).** Gildi náttúru- og minjaverndar ásamt ánægju íbúa af fallegum og aðgengilegum náttúruperlum er erfiðara að setja í fjárhagslegt samhengi en getur haft mikið vægi í ákvarðanatöku.

### Gjaldtaka

Gjaldtaka við ferðamannastaði hefur færst í aukana, þá helst í formi bílastæðagjalda eða fyrir salernisaðstöðu. Gjaldtaka getur haft bæði jákvæð og neikvæð áhrif í stýringu og rekstri ferðamannastaða.

### Nokkrir kostir gjaldtöku

- Tekjuöflun til rekstrar fer fram á staðnum og er í hlutfalli við gestakomur
- Getur dregið úr fjölda gesta á ferðamannastað (þó ekki alltaf með jákvæðri útkomu fyrir nærliggjandi svæði)
- Getur gagnast til að stýra flæði ferðamanna t.d. með því að rukka eingöngu á þeim tíma dags sem mesta álagið er á staðnum, eða með því að bjóða upp á ókeypis bílastæði á minna sóttum stöðum innan sama svæðis

## Nokkrir gallar gjaldtöku

- Getur dregið úr ánægju gesta, sérstaklega ef gjaldtaka er ekki í takt við gæði þjónustu og innviða.
- Getur leitt til þess að gestir forðist að nýta þjónustuinnviði sem þarf að greiða fyrir. Gestir leggi bílum til dæmis utan merktra stæða eða gangi örna sinna í náttúrunni í stað þess að greiða fyrir salernisaðstöðu
- Takmarkar burði íbúa í nágrenninu til að nýta staðinn reglulega til eigin útivistar
- Gjaldtöku fylgir rekstrarkostnaður og umsýsla
- Gjaldtöku á ferðamannastöðum þarf ávallt að útfæra af vandvirkni og meta áhrif hennar á staðinn sjálfan sem og ferðahegðun á nærliggjandi svæðum.

## Ferðamannastaður leigður út til rekstrar

Á nokkrum stöðum hérlendis hafa landeigendur, sveitarfélög eða ríki leigt út land (eða lóð innan lands) til lengri tíma í þeim tilgangi að leigutaki annist uppbyggingu og rekstur ferðamannastaðar. Þá er stofnað félag utan um reksturinn og landeigendur sitja gjarnan í stjórn félagsins. Þessi nálgun getur t.a.m. verið gagnleg þegar staður er í eigu margra aðila, eða ef landeigandi hefur ekki áhuga á- eða burði til að reka ferðamannastað.

Að sama skapi geta sveitarfélög gert lóðaleigusamning við eigendur einkalands, sem nær utan um skilgreindan ferðamannastað. Sú leið var til dæmis farin við mörkun áfangastaðarins Þrístapa.

→ Sjá dæmisögu um Þrístapa

## Dæmisaga:

# Hengifoss

## – Framsýni og yfirvegum í uppbyggingu



Hengifoss er einn af vinsælustu áfangastöðum á Austurlandi og var sá fjölmennasti þar til Stuðlagil kom til sögunnar. Á árabílinu 2013 til 2023 þrefaldaðist fjöldi þeirra sem ganga upp að fossi, úr 40 þúsundum upp í um 120 þúsund. Þarna var mjög lítil aðstaða fyrir utan skúr með tveimur klósettum og of lítið bílastæði. Uppbygging innviða á svæðinu hefur verið unnin jafnt og þétt síðustu ár með góðum árangri þrátt fyrir margvíslegar áskoranir.

### Bætt aðstaða eykur burðargetu

Árið 2016 var haldin arkitektasamkeppni fyrir bættari aðstöðu við Hengifoss og vinningstillaga valin frá ZIZ AS, Eirik Rønning Andersen, siv.ark. MNAL og Sigríði Önnu Eggertsdóttur, arkitekt FAÍ. Í kjölfarið var farið í nánari útfærslu og samningsgerðir til að tryggja starfsemina. Árið 2022 var hönnun að mestu lokið og verkið boðið út þá um

haustið. Byrjað var að reisa húsið vorið 2023 og veturinn nýttur í frágang innanhúss. Þann 11. ágúst 2024 var formleg opnun á stærra bílastæði ásamt nýju húsnæði sem inniheldur stóral sal og sjö salerni. Salurinn mun nýtast í móttöku ferðafólks, upplýsingagjöf, veitingasölu og sýningu um svæðið. Gjaldtaka á bílastæði hófst í ágúst 2024 þar sem rukkað er miðað við stærð bíls fyrir aðgang að þjónustu á staðnum.

### Stígar þurfa stöðugt viðhald

Uppbygging stígakerfis hefur reynst stór áskorun. Sumarið 2022 var opnuð hringleið um gilið og tvær göngubrýr settar yfir ána, til að bæta flæði og upplifun gesta. Nokkur sumur hafa farið í að byggja stígana upp svo þeir þoli umferð ferðafólks sem og misbreytilegt veðurfar ásamt því að sporna við frekari gróðurskemmdum. Stígakerfið er ekki síður mikilvægt til að tryggja öryggi ferðafólks og

til að björgunaraðilar hafi greiðan aðgang um stígana enda er bæði mikil fallhætta og hætta á grjóthruni umhverfis Hengifoss. Stórum áfanga var náð sumarið 2024 þegar efni var keyrt í stóran hluta af stígnum sunnan við ána ásamt því að laga stíginn umtalsvert efst upp í gili. Þó eru nokkrir kaflar ókláraðir innan og utan við gil til þess að stígakerfið geti kallast viðunandi. Fjallið er stöðugt á hreyfingu og mikið vatn leynist í jarðveginum svo viðhald stíga er verkefni sem er aldrei lokið.

### **Kostnaðarsöm uppbygging**

Það að byggja upp áfangastað frá grunni er verulega kostnaðarsamt. Hengifoss hefur hlotið styrki úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða fyrir hönnun og uppbyggingu innviða sem snúa að öryggi og náttúruvernd. Sveitarfélagið hefur einnig sett mikla fjármuni í uppbygginguna, m.a. í uppbyggingu þjónustuhúss, og mun halda því áfram. Einhverjar tekjur koma í gegnum gjaldheimtugerfið en enn er óljóst hvort þær nægi fyrir áframhaldandi uppbyggingu á stígum og umhverfi, ásamt því að standa undir rekstri þjónustumiðstöðvarinnar. Þar sem fossinn er lykil aðdráttarafl á Austurlandi má þó með nokkurri vissu segja að hann eflir ferðaþjónustu á svæðinu og skapar atvinnutekjur fyrir sveitarfélagið.



# Menningartengdir staðir



Flest viljum við varðveita sögu okkar og menningu fyrir komandi kynslóðir og miðla henni til íbúa jafnt sem gesta. Að þekkja sögu staðar getur dýpkað upplifun okkar af svæðinu og vakið upp sterkar tilfinningar. Sögustaðir eru ekki síst mikilvægir fyrir íbúa á nærliggjandi svæðum og eru jafnvel hluti af sjálfsmynd og staðarvitund þeirra.

Mörgum hefur reynst erfitt að finna fjármagn til að byggja upp og reka menningartengda ferðamannastaði. Enginn sérstakur sjóður styður við uppbyggingu sögustaða en sumir verkþættir geta þó heyrt undir Framkvæmdasjóð ferðamannastaða. **Framkvæmdasjóðnum er heimilt að styrkja verkefni sem snúa að öryggi ferðamanna og náttúruvernd við ferðamannastaði, og þá eru sögustaðir ekki undanskildir.** Sjóðurinn styður hins vegar ekki við uppbyggingu innviða við söfn eða sýningar.

Þegar litið er til uppbyggingar á sögutengdri ferðaþjónustu má kanna aðrar fjármögnunarleiðir svo sem Evrópustyrki, sjóði Minjastofnunar, sértæka menningarstyrki og samfélagsstyrki fyrirtækja. Til smærri átaksverkefna má einnig efna til fjáröflunar og hvetja íbúa til að leggja hönd á plóg. Í einhverjum tilvikum getur sveitarfélagið ákveðið að standa að uppbyggingu menningartengdra staða með eigin fjármagni, menningu og atvinnulífi til hagsbóta.

## Dæmisaga:

# Prístapar

## – Umhverfi sögustaðar



Ljósmynd: Róbert Daníel Jónsson

Að Prístöpum fór fram síðasta aftaka sem framkvæmd var á Íslandi, þann 12. janúar 1830. Sagan af síðustu aftökunni er nóturleg og lýsing á aðstæðum lætur engan ósnortinn. Sagan hefur lifað með Húnvetningum og Prístapar hefur verið þekktur áfangastaður um árabil. Margt hefur verið skrifað um þennan atburð en með tilkomu bókarinnar Náðarstundar (e. Burial Rites) eftir Hannah Kent hafa sífellt fleiri ferðamenn sótt hann heim. Sáráltil aðstaða var á staðnum áður en uppbygging átti sér stað, aðeins einfaldur slóði að aftökustaðnum sjálfum. Fljótlega varð ljóst að hætta gæti skapast við þjóðveginn, þar sem ekkert bílastæði var á staðnum, bílum ferðamanna iðulega lagt í vegkanta og umferð gangandi fólks fór vaxandi.

### Að fanga stemningu sögunnar

Í kjölfar þessarar þróunar tóku forsvaraðilar sveitarfélagsins frumkvæði í mótun

framtíðarsýnar fyrir staðinn og fengu til liðs við sig ýmsa ráðgjafa, m.a. ráðgjafa hjá Verus ehf, upplifunar- og leikmyndahönnuði hjá Gagarín og Irmu hönnunarstofu, sem og landslagsarkitekta hjá Landslagi. Í útfærslu verkefnisins var markmiðið að fanga stemningu sögunnar og gera hana aðgengilega fyrir almenning. Útgangspunkturinn var að staðarvitund og saga fengi notið sín sem allra best. Sagan væri sögð á hógværan hátt og borin væri virðing fyrir minjum á staðnum. Þeim, ásamt listaverkum, er ætlað að magna upp upplifunina og verða samofin náttúrinni í kring. Fornleifaskráningu var lokið á staðnum og var lögð áhersla á að hönnun, efnisval og frágangur svæðisins, fræðslu-, upplýsingaskilti og aðrar merkingar væru í samræmi við reglur Minjastofnunar Íslands. Verkefnið var frá upphafi leitt af Einari Kristjáni Jónssyni þáverandi sveitarstjóra og lagði hann ómælda vinnu og metnað í verkefnið.



## Aðkoma Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða

Framkvæmdasjóður studdi ötullega við uppbyggingu áfangastaðarins Þrístapa og hlaut Húnavatnshreppur í þrígang styrki til verkefnisins:

**Árið 2018:** 57 milj.kr. til að gera svæðið öruggt og aðgengilegt fyrir ferðamenn, útbúa bílastæði og göngustíg að aftökustaðnum, ásamt svæði með upplýsingaskiltum og fræðslu.

**Árið 2021:** 51,5 milj.kr. til að ganga frá aðkomuplani, hlaða grjótvegg, helluleggja stíga og plan ásamt því að setja upp fræðsluskilti.


**Árið 2022:** 31 milj.kr. til að koma fyrir salerni við áfangastaðinn.

Ofangreindir verkliðir bæta öryggi akandi sem og gangandi vegfarenda, og vernda náttúru umhverfis Þrístapa. Sögu- og menningarlegt mikilvægi staða hefur ekki hátt vægi í umsóknum til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða en verkefni sem lúta að náttúruvernd og öryggi falla vel að sjóðnum. Staðurinn er því afar gott dæmi um sögustað sem hefur hlotið slíkan styrk.

## Hlotið verðskuldaða athygli

Framkvæmdir á Þrístöpum stóðu yfir um nokkurra ára tímabil, og gestakomum hefur fjölgað jafnt og þétt. Uppbyggingin hefur hlotið verðskuldaða athygli og þykir afar vel heppnuð. Þrístapar hlutu Umhverfisverðlaun Ferðamálastofu árið 2024 og var áfangastaðurinn einnig tilnefndur til hönnunarverðlauna Íslands sem veitt eru af Hönnunarmiðstöð Íslands. Þá hefur félagið Sýndarveruleiki ehf. skapað lausn til að miðla

upplýsingum um Þrístapa í gegn um snjalltæki á formi hljóðleiðsagnar. Þótt áfangastaðurinn sé fullmótaður má alltaf gera betur og hefur Sveitarfélagið þegar lagt drög að frekari umbótum á staðnum.



# Innviðir fyrir íbúa

An aerial photograph of a coastal town, likely in Iceland, showing a mix of residential buildings and industrial structures. The town is situated on a peninsula or near a bay, with a large body of water in the foreground. In the background, there are rugged, mountainous hills under a clear sky. The entire image is overlaid with a semi-transparent green filter.

Það getur verið snúið að gera greinarmun á því hvaða innviðir teljast sem ferðamannastaðir og hvað flokkast undir innviði fyrir íbúa. Íbúar eiga að geta nýtt náttúruperlur til jafns við ferðamenn, og eins nýta ferðamenn jafnan innviði sem almennt eru hugsaðir fyrir íbúa. Dæmi um slíka innviði eru gönguleiðir innanbæjar með fræðsluskiltum á íslensku og ensku. Eins má nefna útivistarsvæði með göngu- og hjólaleiðum, leikvöllum eða nestis aðstöðu.

Ekki er alltaf þörf á að greina muninn á milli þessara þátta. Þó getur það verið gagnlegt til að greina hvaða uppbyggingar er þörf, og eins til að kanna hvaða fjármögnunarleiðir eru í boði.

### **Spyrjið ykkur:**

- Hverjir nota staðinn mest og í hvaða tilgangi?
- Hvar er staðurinn? Er hann í miðju þéttbýli, jaðri þess eða í dreifbýli?
- Hvert er aðdráttarafl staðarins? Kemur fólk til að sjá tiltekið mannvirki eða náttúruperlu (t.d. vita eða foss), eða fer fólk þangað til að stunda almenna útivist?
- Hver er framtíðarsýnin? Er vilji til að gera staðinn að sérstöku aðdráttarafli ferðamanna, eða er aðal markmiðið að íbúar hafi aðstöðu til útivistar?

Þegar leitað er eftir leiðum í fjármögnun og rekstri ferðamannastaða getur reynst dýrmætt að húa saman helstu notendum staðarins og komast á eitt mál um framtíð staðarins. Þannig má haga hönnun út frá forsendum þeirra sem nota staðinn, og finna fjármögnun eftir viðeigandi leiðum.

# Ítarefni, tenglar og viðaukar

## Gagnleg rit og vefir

Þegar búið er að kanna hverjir þurfa að koma að þróun ferðamannastaðarins er gott að leita í stuðningsefni sem gagnast við undirbúning og framkvæmd verkefna.

### Hér á eftir fylgja hlekkir á hagnýtt efni.

Listinn er ekki tæmandi.

- Ferðamannastaðir frá hugmynd til framkvæmdar – skipulag og leyfisveitingar
- Góðir staðir – uppbygging ferðamannastaða
- Vegrún – Merkingar á ferðamannastöðum og friðlýstum svæðum
- Góðar leiðir – Leiðbeiningar um gerð náttúrustíga
- Handbók um gerð gönguleiða
- Handbók um gerð hjólaleiða
- Menningarstefna í mannvirkjagerð
- Gott aðgengi í ferðaþjónustu
- Skipulag og ferðamál - hugmyndahefti
- Hönnun í norrænni náttúru
- Skilgreining ferðamannaleiða og ferðamannavega - Vegagerðin
- Skiltahandbók Skógræktarinnar
- Náttúruverndarlög - upplýsingarit fyrir sveitarfélög - Umhverfisstofnun
- Almennaréttur - Umhverfisstofnun
- Kortasjá yfir verkefni fjármögnuð af Framkvæmdasjóði og Landsáætlun
- Upplýsingasíða um umsóknir í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða
- Upplýsingasíða um Landsáætlun um innviði

## Viðauki: Greining áningarstaða á Vesturlandi

Áfangastaða- og markaðsstofa Vesturlands leggur áherslu á að stuðla að ábyrgri ferðamennsku á Vesturlandi. Mikilvægast er að staður sé ekki kynntur nema aðgengi sé tryggt og samstaða sé um að beina fólki þangað, og því hafa þau þróað svokallaða A, B, C, D flokkun á stöðum, leiðum og svæðum. Þessi aðferð hjálpar til við að meta hvaða staði má kynna, en einnig við stefnumótun og forgangsröðun innviðauppbýggingar og viðhalds.

### A (+/-)

Viðkomandi áningarstaður eða útivistarleið er þekkt.

Sátt er um að þar sé umgangur gesta.

Innviðir, merkingar og upplýsingagjöf er til staðar.

Hentar vel til kynningar og markaðssetningar.

Innviðir eru í lagi þannig að búið er að gera ráðstafanir til að lágmarka hnask sem verður á náttúru og minjum vegna umgangs um svæðið. Öryggi gesta hefur verið tryggt eins og kostur er, viðunandi upplýsingagjöf og leiðbeiningar eru til staðar. (Í úttekt á stöðunum er einnig notast við +/- til að túlka ástand og gæði eftir því sem þarf.

### C

Viðkomandi staður/leið/svæði er þekkt.

Ekki er vilji eða sátt um að þar sé umgangur gesta.

Getur verið vegna viðkvæmrar náttúru, hættu fyrir gesti eða ónæðis fyrir lífríki eða samfélag á svæðinu.

Þessum svæðum þarf að halda til hlés og sporna við frekari kynningu. Mögulega þarf að setja upp upplýsingaskilti sem útskýra takmörkun á aðgengi og umgangi um svæðið. **Reyna að forðast bannmerkingar.** Sú staða getur komið upp að staður sé bæði C og A/B staður, t.d. eftir árstíðum – dæmi: varpland og veiðisvæði.

### B (+/-)

Viðkomandi áningarstaður eða útivistarleið er þekkt.

Sátt er um að þar sé umgangur gesta.

Staðurinn þarfnast frekari aðhlynningar eða uppbyggingar.

Mögulegt er að svæðaskipta áningarstað eða útivistarleið þannig að hluti svæðisins sé fullkláraður og tilbúinn (A), en hluti svæðis þarfnist frekari uppbyggingar (B). Þá er hægt að kynna A-hluta svæðis og vinna markvisst að frekari uppbyggingu á B-hluta svæðisins. (Í úttekt á stöðunum er einnig notast við +/- til að túlka ástand og gæði eftir því sem þarf.

### D

Viðkomandi staður/leið/svæði er lítið þekkt.

Kannski mest af heimamönnum en ekki almenn þekking.

Ekki er vitað hvort vilji eða sátt sé um að þar sé umgangur gesta.

Ekki er vitað um aðstæður eða ástand á stað/leið/svæði.

Engin uppbygging eða kynning hefur farið fram.

Mikilvægt er að fylgjast með og vera meðvituð um hvort vaxandi umferð sé á viðkomandi stað/leið/svæði. Æskilegt er að hefja undirbúningsvinnu, úttekt og viðræður við ábyrgðaraðila lands um leið og tækifæri gefst til eða vart verður við aukinn umgang.



**Markaðsstofa  
Suðurlands**

Með stuðningi Ferðamálastofu



**Ferðamálastofa**  
Icelandic Tourist Board